

FRÉTTABRÉF

Með fréttum frá íslensku kirkjunni í Noregi, Íslendingafélögum og kórum.

2017 starfsár viðburða, óvissu og breytinga

Kæri söfnuður! Nú sem aldrei fyrr er því einkar brýnt að við hvetjum landa okkar til að skrá sig í söfnuðinn og að við stöðugt minnum á þá hlið starfsins og þýðingu safnaðarins sem oft virðist gleymast. Söfnuðurinn er öryggisnet, þar sem allir Íslendingar getað leitað eftir aðstoð af ýmsu tagi og þegið margvíslega þjónustu sér að kostnaðarlausu. Fjöldamargir njóta stuðnings frá kirkjunni, einstaklingar og félög, með beinum eða óbeinum hætti. Söfnuðurinn hefur stutt við starfsemi Íslendingafélaganna víðs vegar um landið. Hann hefur m.a. styrkt kórstafið, íslenskt tónlistarfólk og listamenn, ásamt því að gegna mikilvægu hlutverki í varðveislu íslenskrar tungu og menningar. Því er mjög mikilvægt fyrir alla þá sem vilja hlúa að Íslendingasamfélaginu í Noregi að skrá sig inn í kirkjuna og halda mikilvægi skráningarinnar á lofti í hvívetna.

Misskilnings hefur gætt varðandi meðlimaskráninguna. Margir sem hafa talið sig vera skráða í söfnuðinn reynast ekki vera það, þegar betur er að gáð. Það er ekki lengur nóg að vera skráður í þjóðkirkjuna á Íslandi, eða hafa skráð sig í söfnuðinn fyrir allöngu heldur er nú nauðsynlegt að staðfesta skráningu sína. Mikilvægt er að ganga úr skugga um að skráningin sé gerð samkvæmt nýjustu lögum og reglugerð. Skráningin getur farið fram á eftirfarandi hátt;

- Rafrænt á heimsíðu safnaðarins
- Hringja á skrifstofuna, mánudag-fimmtudag kl. 10-14. sími: 22 36 01 40
- Senda tölvupóst á netfangið: skraning@kirkjan.no, með nafni og kennitölu.
- Senda SMS á símanúmerið 91 31 29 01 og gefa upp nafn og kennitölu.

Söfnuðurinn stendur frammi fyrir þeirri dapurlegu staðreynd að neyðast til þess að draga enn frekar úr hinni víðtæku þjónustu sinni. Svo getur farið að þeir sem óska eftir sérþjónustu safnaðarins, t.d. skírn, hjónavígslu eða jarðarför, en eru ekki á meðlimaskrá, verði sjálfir að greiða ferðakostnað presta og tónlistarfólks. Nú þegar hefur verið skorið niður í öllum starfsþáttum safnaðarins en starfsemin hefur einkennst af mikilli fjárhagslegri óvissu, breytingum á innra og ytra skipulagi ásamt miklum mannabreytingum. Nýtt fólk hefur komið til starfa og aðrir hafa dregið sig í hlé. Kosið var í nýja sóknarnefnd á aðalfundinum í maí og hana skipa:

Stjórn: Björn Hallbeck, formaður (Sandefjord), Jónína Margrét Arnórsdóttir, varaformaður (Ósló), Guðrún Elín Svansdóttir, ritari (Ósló), Guðbjörg Edda Árnadóttir, gjaldkeri (Bergen) og Stefán Snævarr, meðstjórnandi (Lillehammer).
Varamenn: Ólafur Ragnar Pálsson (Skui), Jóhann Karl Hirst (Ósló), Snorri Ásgeirsson (Ósló), Katla Sveinbjörnsdóttir (Kristiansand) og Kristján Daðason (Maura).

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur Reykjavíkur-prófastdæmis vestra heimsótti söfnuðinn í janúar og setti sr. Lilju Kristínu Þorsteinsdóttur inn í embætti prests og fræðslufulltrúa. Fráfarandi prestur og fræðslufulltrúi sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir hafði með höndum sérverkefni fyrir söfnuðinn til 1. febrúar 2017.

Um leið og hið nýja starfsfólk safnaðarins er boðið hjartanlega velkomið til starfa, þakkar íslenski söfnuðurinn fráfarandi starfsfólki, sóknarnefnd og presti sr. Ásu Laufeyju Sæmundsdóttur samstarfið, vel unnin störf og þjónustu og óskar þeim öllum blessunar og velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Sendiráð Íslands í Ósló er opið alla virka daga kl. 10-15 og er til húsa við Stortingsgata 30, Ósló.
 Vefsíða sendiráðsins er www.island.no. Sími: 2323 7530.
 Tölvupóstur: emb.oslo@mfa.is

Vorferð 60+ á Óslóarsvæðinu

Þann 11. maí síðastliðinn var farin hin árlega vorferð 60 ára og eldri, en það er dagsferð í boði safnaðarins. Lagt var af stað frá Ólafíustofu um kl. 9 og stefnan tekin á Eiðsvoll. Eins og sönnnum Íslendingum sæmir var lagt tekið í rútunni, sagðir brandarar og farið með gamanmál. Eftir að hafa fengið kaffi og meðlæti í safnahúsinu var farið í Eiðsvollbygginguna. Þar fengum við góða leiðsögn um þetta fræga og þýðingarmikla hús í sögu Noregs, en þar var norska stjórnarskráin samin og undirrituð 17. maí 1814.

Fróðari um eitt og annað í Eiðsvoll var ferðinni haldið áfram og ekið sem leið lá að dómkirkjurústunum Hamardomen á Hamar. Þar var okkur sagt frá merkilegri sögu staðarins og okkur sýnt líkan af staðnum eins og talið var að hann hefði verið á miðöldum. Síðan var farið inn í þessa stórkostlegu glerbyggingu sem hýsir sjálfar rústirnar. Þar var haldin stutt helgi-

stund, þar sem hljómfagrir trompet tónar Hjálmars Sigurbjarnarsonar fylltu húsrýmið. Að helgistund lokinni, var skotið yfir okkur skjólshúsi, þar sem við áðum um stund og snæddum nestið okkar. Enn var haldið af stað, en nú var áfangastaðurinn leyndarmál. Urðu margir hissa þegar ekið var að húsi í úthverfi Lillehammer og út kom presturinn okkar.

Á þessum fallega stað, með frábæru útsýni bauð sr. Ragnheiður Karítas okkur brosandi að ganga inn á sitt annað heimili. Þar beið okkar sannkölluð veisla í mat og drykk. Eftir rjómaköku og kaffisopa, flutti Áslaug okkur m.a. ljóð eftir manninn sinn og sýndi að henni er fleira til lista lagt en að búa til góðan mat. Eftir þessa skemmtilegu heimsókn til sr. Ragnheiðar var senn kominn tími til að halda til baka. Það var ánægður hópur sem kvaddist við Ólafíustofu þetta kvöld eftir eftirminnilegan og skemmtilegan dag.



Ólafíudagurinn

Sunnudaginn þann 22. október kl. 15. verður haldin minningarhátíð um Ólafíu Jóhannsdóttur á fæðingardegi hennar. Listanefnd safnaðarins sér um dagskrána, sem verður nánar auglýst á heimsíðu okkar síðar. Boðið er upp á léttar veitingar í lok stundarinnar.



Forsetaheimsókn

Þann 22. mars heiðruðu hr. Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og frú Eliza Reid söfnuðinn með heimsókn sinn á Ólafíustofu, í annars þéttskipaðri dagskrá sinni, í opinberri heimsókn til Noregs. Starfsfólki safnaðarins, formönnum Íslendingafélaganna í Noregi og sóknarnefnd var boðið að hitta forsetahjónin. Elín Kolbeins tók á móti forsetahjónunum fyrir hönd sóknarnefndar ásamt prestum safnaðarins. Elín afhenti þeim að gjöf ævisögu Ólafíu Jóhannsdóttur eftir dr. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Sóknarprestur sagði frá Ólafíu og þeim sterku tengslum sem söfnuðurinn hefur við hana og hugmyndafræði hennar. Sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir sagði svo frá starfi safnaðarins. Í tengslum við heimsóknina útsetti Gísli Jóhann Grétarsson verkið sitt, Játningu Ólafíu, fyrir einsöng og tríó. Kristín Magdalena Ágústsdóttir sópran söng við undirleik Gróu Hreinsdóttur, Hjörleifs Valssonar og Mínervu Hjörleifsdóttur.



Íslenskir unglingar hittast

Starfandi æskulýðsfélög eru í Ósló, Stavanger og Sandefjord. Unglinga- og æskulýðsstarf safnaðarins er frábær vettvangur fyrir unglunga á aldrinum 13-17 ára til að hittast, eignast vini og viðhalda íslenskukunnáttunni.

Margt skemmtilegt er gert á fundunum, farið í leiki, spilað og spjallað um lífið og tilveruna. Allir unglingar sem eru áhugasamir um starfið og langar til að kynna öðrum íslenskum unglingum eru hvattir til þess að bæta sér í hópinn á facebook: *Æskulýðshópur íslenska safnaðarins í Noregi* og fylgjast með hvað er að gerast í starfinu okkar á hverjum stað.



Ískórinn

Ískórinn var stofnaður af íslenskum námsmönnum í Ósló árið 1988. Kórinn fagnar því 30 ára afmæli 2018. Í 30 ár hefur kórinn verið mikilvægur vettvangur fyrir söngglaða Íslendinga að hittast. Söngár Ískórsins er fullt af skemmtilegum viðburðum. Svo nefndir séu nokkrir fastir liðir þá byrjar söngárið alltaf á þátttöku í Elvelangs í fakkellys, menningarviðburði á haustjafndægri sem fer fram við Akerselva. Þar hefur Ískórinn verið fastur liður í dagskránni í mörg ár og sungið íslensk lög við góðar viðtökur. Auk þessa hefur verið fastur liður í dagskrá kórsins æfingarhelgi í húsi Íslendingafélagsins í Norefjell og jólatónleikar. Undanfarin tvö ár hefur kórinn einnig tekið sig til og sungið íslensk jólalög í sporvögnum borgarinnar eina kvöldstund í desember. Annað hvert ár er haldið stórt kóramót íslenskra kóra í Norður-Evrópu á vormánuðum. Í ár var mótið haldið í Kaupmannahöfn og var það hið fjölmennasta hingað til. Kóramótin eru einn af hápunktum kórstarfsins og ávallt mikið tilhlökkunarefni fyrir kórmeðlimi. Hópurinn þjappast saman, kynnist nýjum félögum og ekki minnst er gefandi að hittast og syngja saman. Næsta kóramót

verður haldið í Gautaborg 2019. Í fyrra var sparkað í gang nýrri hefð, nefnilega að íslensku kórnir í Noregi hittast það ár sem er ekki kóramótsár. Það er kallað „Litla-kóramótið“. Ósló reið fyrst á vaðið en næsta vor er stefnan tekin á Bergen. Söngár Ískórsins lýkur með vortónleikum en einnig söng undir 17. júní hátíðarhöldum Íslenska safnaðarins í Noregi og Íslendingafélagsins í Ósló. Ískórinn syngur við guðsþjónustu fyrir Íslenska söfnuðinn í Noregi upp. einu sinni í mánuði. Sungin eru að mestu leyti íslensk lög en eitt og eitt erlendt lag fær að fljóta með. Ískórinn stendur fyrir blómlegu söngstarfi og fyrir utan sönginn er ýmislegt brallað, skemmtanir og ferðir sem styrkir tengsl og eykur gleði. Við hvetjum alla sem hafa gaman af að syngja að kíkja á æfingu til okkar í húsnæði Íslenska safnaðarins, Pilestredet Park 20 alla miðvikudaga kl. 18. Sjáumst!



Kórarstarfið er stærsti menningarvettvangur okkar Íslendinga í Noregi.

Nú eru 3 íslenskir kórar starfandi, þ.e. Ískórinn í Ósló, Sönghópurinn í Bergen og Kór Kjartans í Þrándheimi. Kórnir hafa allir gegnt hlutverki kirkjukórs í messuhaldinu á árinu en starfa þó sem sjálfstæðar einingar. Tekið er á móti nýjum kórfélögum og áhugasamir eru hvattir til að koma og vera með.

Frekari upplýsingar eru að finna á síðum kóranna.

Vetrarstarfið hjá 60+

Góð þátttaka hefur verið á fundum 60 ára og eldri í Ólafíustofu. Hópurinn hefur hist einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina á fimmtudögum kl. 12. Byrjað er á kyrrðar- og íhugunarstund frá kl. 12.15 til 12.30. Að helgistundinni lokinni er snæddur hádegisverður og dagskrá hafin. Osvald Kratsch og Áslaug Thomsen hafa verið fræðslufulltrúa/presti til halds og trausts við undirbúning fundanna og Rebekka Ingibjartsdóttir hefur séð um tónlistarflutning. Þátttakendur taka virkan þátt í að koma á framfæri hugmyndum að dagskrá eða skipuleggja starfið að einhverju leiti.

Dagskrárlíðir hvers fundar verða auglýstir á heimasíðunni og á Facebook hverju sinni.

Samverustundir haustsins verða:

5. október, 9. nóvember og 7. desember.

Fimmtudaginn 14. desember. (Ópið hús, upplestur úr aðventu eftir Gunnar Gunnarsson).

Hópurinn vil koma á framfæri þakklæti sínu til allra þeirra sem unnið hafa ötullega við matargerð, undirbúning og frágang fundanna.

Sérstakar þakkir fá þau Helgi Guðnason og Helga Guðmundsdóttir fyrir sín störf, en þau munu því miður ekki vera með hópnum í vetur sökum anna. Við óskum þeim Guðsblessunar og velfarnaðar í framtíðinni.

Nýir félagar eru ávallt velkomnir til okkar í Ólafíustofu

Heimsókn til sendiherra

Sendiherrahjónin, þau hr. Hermann Örn Ingólfsson og frú Hildur Blöndal buðu 60 ára og eldri heim í embættisbústað Íslands á Bygdøy, einn fallegan vordag í maí. Það var ekki laust við að spennings gætti hjá hópnum, þegar lagt var af stað frá Ólafústofu um hádegisbil, með léttan málsverð í farteskinu. Með góðfúslega veittu leyfi frá sendiherra og frú, lögðum við undir okkur eldhúsið og borðstofuna, þar sem þau Áslaug Thomsen, Helga Guðmundsdóttir og Helgi Guðnason báru hita og þunga af því að „galdra“ fram hið fínasta veisluborð ásamt þeim veitingum sem voru í boði hjónanna. Sendiherrann sýndi okkur húsið og fræddi okkur um sögu þess og Helgi Haraldsson hélt athyglisverða tölu í minningu fyrrum sendiherra, Eiðs Guðnasonar.

Hópurinn vill þakka öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum til að gera daginn eftirminnilegan. Sérstakar þakkir til sendiherrahjónanna, Hermanns

og Hildar fyrir heimboðið, frábæra stund í góðum félagsskap, ásamt þökkum frá íslenska söfnuðinum fyrir gott og mikilvægt samstarf við sendiráðsskrifstofu.



Sunnudagaskólarnir eru góður vettvangur fyrir íslenskar barnafjölskyldur til að hittast yfir kaffibolla. Þeir eru starfandi í Bergen, Drammen, Sandefjord, Stavanger, Kristiansand og í Prándheimi. Starfsemi þeirra er auglýst á facebook síðum íslendingafélaganna og síðum safnaðarins. www.kirkjan.no og [facebook.com/Íslenski söfnuðurinn í Noregi](https://www.facebook.com/Íslenski_söfnuðurinn_í_Noregi)

Prestar safnaðarins taka á móti fyrirbænaðrefnum og sinna sálgæslu meðal Íslendinga í Noregi og bjóða m.a upp á viðtöl er varða líðan einstaklinga, hjóna og fjölskyldna.

Boðið er upp á sálgæsluviðtöl í tengslum við guðspjónusturnar úti á landsbyggðinni eða eftir samkomulagi við prestana. Annars fara samtölin að mestu fram á skrifstofu safnaðarins eða í gegnum síma.

Hægt er að bóka tíma með því að senda tölvupóst á prestur@kirkjan.no og fraedsla@kirkjan.no eða hringja í presta á símatíma.

Skráning í fermingarfræðsluna fyrir veturinn 2017-18 er hafin.

Hafið samband við presta safnaðarins með fyrirspurnir varðandi fermingu og fermingarfræðslu. Fyrirkomulag fræðslunnar verður auglýst síðar og er skipulagt eftir búsetudreifingu barnanna.

Fermingardagar fyrir 2018 á vegum íslensku kirkjunnar í Noregi:

- Sunnudaginn 1. júlí kl. 11 í Seltjarnarneskirkju á Íslandi.
 - Mánudaginn 21. maí (annar í hvítasunnu) í Ósló. Nordberg kirkju kl. 14.
- Aðrar dagsetningar og staðsetningar í Noregi eftir samkomulagi við prestana.

Á döfinni hjá íslensku kirkjunni í Ósló

- 3. sept. Fjölskyldumessa í Nordberg kirkju kl. 14. Börn á öllum aldri eru hjartanlega velkomin.
- 24. sept. Norræn messa í Gömlu Aker kirkju kl. 11. Ískórinn leiðir sönginn.
- 1. október Messa í Nordberg kirkju kl. 14. Ískórinn syngur. Sunnudagaskóli.
- 22. október Ólafíudagurinn haldinn hátíðlegur í Ólafíustofu kl. 15.
- 5. nóvember Allraheilagamessa í Nordberg kirkju kl. 14. Sunnudagaskóli.
- 3. desember Aðventuhátíð, fyrsta sunnudag í aðventu í Høvik kirkju kl. 16.
Fjölbreytt og glæsileg tónlistardagskrá. Sunnudagaskóli.
- 14. desember Upplestur úr „Aðventu“ eftir Gunnar Gunnarsson í Ólafíustofu kl. 12. Léttur hádegisverður í boði.
- 26. desember Hátíðarguðsþjónusta kl. 14. Ískórinn syngur. Sunnudagaskóli og jólaball.

Á döfinni hjá íslensku kirkjunni úti á landsbyggðinni

- 9. desember Messa í Bergen, í Fana Ytribyggðar kirkju kl. 13. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 9. desember Messa í Drammen, í Tangen kirkju kl. 14. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 10. desember Messa í Stavanger, í Sunde kirkju kl. 14. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 17. desember Messa í Prándheimi, í Bakke kirkju kl. 14. Sunnudagaskóli og jólaball.
- 17. desember Messa í Kristiansand, í Hellemyr kirkju kl. 14. Sunnudagaskóli og jólaball.

Venjulega er kirkjukaffi eftir hverja messu.

Sunnudagaskólar eru starfandi um landið og eru venjulega á sama tíma og messa er auglýst á hverjum stað fyrir sig.

Sjá á heimasíðu safnaðarins www.kirkjan.no/kirkjustarf/sunnudagaskoli-og-barnastarf-26/

Fylgist með á www.kirkjan.no eða á [Facebook.com/Íslenski söfnuðurinn í Noregi](https://www.facebook.com/Íslenski-söfnuðurinn-í-Noregi).

Ólafíustofa, Pilestredet Park 20, 0176 Ósló. Opnunartími mánudaga-fimmtudaga milli 10-14.

Starfsmaður Ólafíustofu: Inga Erlingsdóttir, starfsmadur@kirkjan.no. Sími: 223 60 140.

Sóknarprestur Sr. Ragnheiður Karítas Pétursdóttir, prestur@kirkjan.no. Sími: 454 55 106.

Símatími virka daga milli 10-11 (nema mánudaga).

Prestur: Sr. Lilja Kristín Þorsteinsdóttir, fraedsla@kirkjan.no. Sími: 456 38 846.

Símatími virka daga milli 13-14 (nema föstudaga).

Spakmæli úr Biblíunni:

„Verið glöð í voninni, þolinmóð í þjáningunni, staðföst í bæninni.“

(Róm. 12.1)

Umbrot og hönnun fréttabréfsins:
Hrafnhildur Brynjarsdóttir
hrafnhildurb80@yahoo.com